

um frumv. til laga um kvikmyndir og kvikmyndahús.

Frá meiri hluta mentamálanefndar.

Nefndin hefir ekki getað orðið á eitt mál sátt um frv. þetta.

Eins og kunnugt er, er engin löggjöf til hjer á landi um kvikmynda-
hús nje starfsemi þeirra.

Meiri hluti nefndarinnar telur því rjettmætt að setja löggjöf um þessi efni, þar sem þessi starfsemi er orðin allvíðtæk. Einkum virðist nauðsynlegt að tryggja eftirlitið sem best með því, að ekki sjeu sýndar kvikmyndir, sem geti haft spillandi áhrif á æskulýðinn.

Frumv. það, sem hjer liggur fyrir, mun vera í aðalatriðum samið eftir löggjöf Dana um þessi efni, og felst meiri hlutinn á það í meginráttum, en telur þó sumpart rjettmætt og að öðru leyti nauðsynlegt að gera á því ýmsar breytingar.

Rjettmætt telur meiri hl., að bæjar- og sveitarfjelög hafi rjett til að taka að sjer einkarekstur kvikmyndahúsa í bænum eða sveitinni, þegar rjettur annara rennur út, en sjeu þó auðvitað bundin ákvæðum laganna eins og einstaklingar. Annar meirihl.manna, E. F., vildi þó ganga nokkru lengra um rjett bæjar- og sveitarfjelaga til einkarekstrar.

Þá virðist vera nauðsynlegt að lengja leyfistimann, til þess að meiri trygging sje fyrir því, að leyfishafar hlifist ekki við að leggja í kostnað, bæði við húsnæði og annað.

Sömuleiðis virðist rjettmætt, að gjald það, sem kvikmyndahúsunum sje gert að greiða, sje að einhverju leyti miðað við aðsóknina. Einnig þykir við-
urhlutamikið að setja gjaldið eins hátt og frumv. gerir svona til að byrja með, enda nokkuð í óvissu um, hversu kvikmyndahúsin bera sig nú, þó að orð leiki á, að þau sjeu hjer í Reykiavík stórgróðafyrirtæki.

Rjett virðist og að ivilna um skatt, ef sýndar eru myndir með íslensk-
um teksta eða sjerlega fræðandi.

Loks virðist rjett að láta lög þessi ekki gripa inn í samninga einstakra bæjarfjelaga við kvikmyndahús, er þar starfa nú.

Meiri hluti mentamálanefndar leggur því til, að frv. sje samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGUM.

1. Á eftir 2. gr. komi ný grein, er verður 3. gr., svo hljóðandi:

Heimilt er bæjar- eða sveitarfjelögum að taka einkarekstur á kvik-
myndasýningum í umdæmi sinu, þegar leyfi fellur niður, svo framarlega
að rikið sjálf taki ekki sýningarnar að einhverju eða öllu leyti í sínar
hendur.

Nú hafa þau skilyrði verið sett fyrir veittum sýningaleyfum áður en

lög þessi öðluðust staðfestingu, sem tryggja bæjar- eða sveitarfjelagi rjett til að taka kvikmyndasýningar í sínar hendur, og skulu þau þá haldast óbreytt.

2. Við 3. gr. Í stað »5 ára komi: 10 ár.

3. Við 13. gr. Greinin orðist svo:

Fyrir leyfi til að reka kvikmyndahús skal greiða árlegt gjald, sem renni að $\frac{2}{3}$ í rikissjóð og að $\frac{1}{3}$ í sveitar- eða bæjarsjóð, þar sem kvikmyndahúsið er. Gjaldið skal greitt eftir á fyrir einn ársfjórðung í senn og greiðist einnig af þeim kvikmyndahúsum, sem hafa leyfi til kvikmyndasýninga, er lög þessi öðlast gildi. Árgjald þetta greiðist í heilum aukum fyrir hvert sæti í kvikmyndahúsinu eftir formúlunni:

$$30 \cdot a \cdot \frac{b}{200} \cdot \frac{c}{d} \cdot \frac{e}{f}$$

þar sem a merkir tölu leiksýninga á viku, b meðalverð sæta í kvikmyndahúsinu, talið í heilum aukum, c íbúatöluna í kaupstað eða sveit, þar sem kvikmyndahúsið er, talda í hundruðum, og d tölu sæta samtals í kvikmyndahúsum kaupstaðarins eða sveitarinnar, einnig í hundruðum, þannig, að hundraðsbrot undir 50 telst ekki, en 50 eða meira telst sem heilt hundrað, e meðaltal seldra sæta að sýningu yfir árið og f sætafjöldi í hlutadeigandi kvikmyndahúsi. Í meðalverði sæta í kvikmyndahúsi (b) er innifalinn skemt-anaskattur, fatageymslugjald og önnur gjöld, er kann að þurfa að greiða til að fá aðgang að sýningunni.

Skatturinn innheimtist af tollstjóra í Reykjavík, en lögreglustjóra utan Reykjavíkur, og ákveðst samkvæmt formúlunni af honum.

Dómsmálaráðherra getur veitt nýjum kvikmyndahúsum á þeim stöðum, sem kvikmyndahús eru ekki fyrir, undanþágu frá gjaldi um allt að þriggja ára bil, ef hann telur þess þörf.

Sömuleiðis má dómsmálaráðherra veita kvikmyndahúsum ívilnun um gjald eða felt það niður með öllu fyrir sýningu þeirra mynda, sem eru með íslenskum teksta eða eru sjerstaklega fræðandi, svo sem náttúrufræðimyndir o. fl.

Alþingi, 23. mars 1929.

Jón Jónsson,
form., frsm. meiri hl.

Erlingur Friðjónsson,
fundaskrifari.